# Sparisjóður Strandamanna

# Ársreikningur 2006

Sparisjóður Strandamanna
Hafnarbraut 19
510 Hómavík

Kt. 610269-4199

# Efnisyfirlit


Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra .... 3

Áritun óháðs endurskoðenda ............................ 4

Rekstrarreikningur .......................................... 5

Efnahagsreikningur .......................................... 6

Yfirlit um sjóðstreymi ..................................... 8

Skýringar ......................................................... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Strandamanna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Hagnaður varð af rekstri sparisjóðsins á árinu 2006 að fjárhæð 53,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 471,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 40,3% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði 10,0% arður til stofnfjáraðila á árinu 2007 vegna ársins 2006. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5,0%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikingum er vísað til ársreikningsins.

Árið 2006 er fyrsta árið sem sparisjóðurinn greiðir tekjuskatt, en í árslok 2004 var lögum um skattskyldu lánastofnana breytt og þar með var sjóðurinn ekki lengur undanþeginn greiðslu tekjuskatts.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 8,3 millj. kr., en stofnfé sjóðsins var aukið um 4,6 millj. kr. á árinu. Stofnfjáraðilar eru 92 í árslok og fjölgaði um 6 á árinu.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Strandamanna staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Hólmavík 15. mars 2007.

Stjórn:

Sparisjóðsstjóri

# Áritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Sparisjóði Strandamanna.

**Inngangur**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Strandamanna fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi lög um ársreikninga.

Reykjavík, 15. mars 2007.

***KPMG hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 13.422.312 | 4.914.940 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 75.744.636 | 62.464.101 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 1.796.278 | 703.209 |
| | 3 | 90.963.226 | 68.082.250 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 40.513.048 | 23.555.780 |
| Vaxtagjöld af lántökum | | 6.055.951 | 8.535.140 |
| Önnur vaxtagjöld | | 5.215.425 | 708.280 |
| | 3 | 51.784.424 | 32.799.200 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 39.178.802 | 35.283.050 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 4,28,29 | 1.392.764 | 654.513 |
| Þjónustutekjur | 5,14 | 9.022.901 | 9.026.119 |
| Þjónustugjöld | | ( 1.347.935) | ( 1.466.878) |
| Gengishagnaður | 15 | 59.360.490 | 98.697.140 |
| Ýmsar rekstrartekjur | | 8.206.672 | 5.315.385 |
| | | 76.634.892 | 112.226.279 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 115.813.694 | 147.509.329 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 16-17 | 24.250.008 | 21.972.986 |
| Annar almennur rekstrarkostnaður | | 22.843.013 | 19.451.879 |
| Afskriftir | 10,30 | 183.090 | 183.092 |
| | | 47.276.111 | 41.607.957 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 7,25 | ( 3.645.030) | ( 6.773.416) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 64.892.553 | 99.127.956 |
| Tekjuskattur | 36 | ( 11.318.711) | |
| **Hagnaður ársins** | 39 | 53.573.842 | 99.127.956 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir:** | | | |
| Sjóður | | 7.380.499 | 4.869.645 |
| Kröfur á lánastofnanir | 20,33 | 90.987.253 | 136.638.256 |
| | | 98.367.752 | 141.507.901 |
| **Útlán:** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | 21-25 | 561.681.612 | 494.512.002 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | | | |
| Markaðsskuldabréf | 8,26 | 75.025.827 | 34.501.645 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 8,27,28 | 398.169.548 | 392.599.913 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | 9,29 | 1.854.082 | 2.275.941 |
| | | 475.049.457 | 429.377.499 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 10,30 | 8.391.520 | 8.574.610 |
| Áfallnar tekjur | | 247.311 | 925.428 |
| | | 8.638.831 | 9.500.038 |
| **Eignir samtals** | | 1.143.737.652 | 1.074.897.440 |

# 31. desember 2006

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Innlán:** | | | |
| Óbundin innlán | | 322.232.545 | 387.848.406 |
| Bundin innlán | 34 | 118.557.670 | 92.642.991 |
| | | 440.790.215 | 480.491.397 |
| **Lántaka** | 35 | 199.697.793 | 161.859.933 |
| **Aðrar skuldir:** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 15.859.788 | 3.945.699 |
| Áfallin gjöld | | 3.247.113 | 4.214.345 |
| | | 19.106.901 | 8.160.044 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 12,36 | 3.344.872 | |
| Lífeyrissjóðsskuldbinding | 37 | 9.658.000 | 9.961.000 |
| | | 13.002.872 | 9.961.000 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Stofnfé | | 8.275.200 | 3.690.004 |
| Varasjóður | | 462.864.671 | 410.735.062 |
| | 38-40 | 471.139.871 | 414.425.066 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 1.143.737.652 | 1.074.897.440 |

**Utan efnahagsreiknings:**

| | Skýr. |
|---|---|
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 41 |
| Aðrar skuldbindingar | 42 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | 39 | 53.573.842 | 99.127.956 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur og gengismunur | | ( 16.033.706) | ( 5.518.608) |
| Gjöld (tekjur) af hlutdeildarfélögum | 29 | 421.859 | ( 125.857) |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 30 | 183.090 | 183.092 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 25 | 3.645.030 | 6.773.416 |
| Tekjuskattur | 36 | 11.318.711 | |
| Aðrir liðir | | ( 303.000) | ( 539.000) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 289.115) | 705.230 |
| Handbært fé frá rekstri | | 52.516.711 | 100.606.229 |
| **Fjárfestingahreyfingar:** | | | |
| Kröfur á aðrar lánastofnanir, breyting | | 36.624.754 | ( 53.465.451) |
| Útlán, breyting | | ( 52.037.534) | ( 81.257.114) |
| Markaðsskuldabréf, breyting | | ( 40.524.182) | ( 5.233.161) |
| Veltuhlutabréf, breyting | | 5.511.902 | ( 94.287.746) |
| Keyptir eignarhlutir í félögum | | ( 6.485.714) | ( 9.374.706) |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 56.910.774) | ( 243.618.178) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Innlán, breyting | | ( 47.040.405) | 131.542.753 |
| Lántaka, breyting | | 37.837.860 | 23.687.117 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 3.940.250 | 2.232.390 |
| Greiddur arður | 39 | ( 1.106.972) | ( 1.044.870) |
| Aukning á stofnfé | 39 | 4.247.936 | 1.390.490 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 2.121.331) | 157.807.880 |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 6.515.394) | 14.795.931 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 25.760.199 | 10.964.268 |
| **Handbært fé í lok árs** | 13 | 19.244.805 | 25.760.199 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að veltuverðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2006. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum og lántöku. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim.

   Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum eftir því sem þau falla til.

### *Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum*

4. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

### *Þjónustutekjur*

5. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sparisjóðsins þegar þær verða til.

### *Útlán*

6. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2007 og gengistryggð lán miðað við gengi gjaldmiðla í árslok 2006.

7. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn leggur í þennan reikning með hliðsjón að metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftarreikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

### *Markaðsverðbréf og eignarhlutar*

8. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

9. Sparisjóðurinn stendur að rekstri tveggja félaga um sameiginlega tölvuþjónustu fyrir lánastofnanir. Eignarhlutir í þessum félögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar í eigin fé þeirra.

### *Rekstrarfjármunir*

10. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Húseignir ........................................................................................................................ | 50 ár |
| Húsgögn og tölvubúnaður .................................................................................................. | 5 ár |

### *Reiknaðar skuldbindingar*

11. Sparisjóðurinn ber ábyrgð á lífeyrisgreiðslum til fyrrverandi sparisjóðsstjóra. Skuldbinding sjóðsins vegna þessa er færð í efnahagsreikning í samræmi við útreikninga tryggingafræðings. Við útreikninginn er miðað við 3,0% ársvexti.

12. Reiknuð tekjuskattsskuldbinding er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi.

### *Handbært fé*

13. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 19,2 millj. kr. í árslok.

## Aðrar rekstrartekjur

14. Þjónustutekjur sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Ábyrgðarþóknun ....................................................................................... | 132 | 198 |
| Aðrar þjónustutekjur ................................................................................. | 8.891 | 8.828 |
| Þjónustutekjur samtals ............................................................................... | 9.023 | 9.026 |

15. Gengishagnaður sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf ......................................................................................... | 58.858 | 98.448 |
| Gjaldeyrisviðskipti .................................................................................... | 502 | 249 |
| Samtals ..................................................................................................... | 59.360 | 98.697 |

## Starfsmannamál

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| 16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | | |
| Laun | 21.129 | 19.108 |
| Launatengd gjöld | 3.121 | 2.865 |
| | 24.250 | 21.973 |

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf | 7 | 7 |
| Stöðugildi í árslok | 5 | 5 |

17. Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Guðmundur B. Magnússon, sparisjóðsstjóri | 6.001 | 5.710 |
| Björn G. Torfason, stjórnarformaður | 440 | 304 |
| Aðrir stjórnarmenn (6) | 887 | 657 |
| | 7.328 | 6.671 |

18. Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum lán. Lánin nema samtals 4,8 millj. kr. Lánakjör eru hliðstæð og gerist við sambærilega fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

## Þóknun endurskoðenda

| 19. Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig: | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Endurskoðun og gerð ársreiknings | 1.310 | 1.441 |
| Önnur þjónusta | 0 | 270 |
| | 1.310 | 1.711 |

## Sjóður og kröfur á lánastofnanir

20. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 11.864 | 20.890 |
| Allt að 3 mánuðum | 68.055 | 105.027 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 532 | 52 |
| Yfir 5 ár | 4.786 | 4.919 |
| Bundnar kröfur Sparisjóðabanka Íslands skv. reglum um bindiskyldu | 5.750 | 5.750 |
| Samtals | 90.987 | 136.638 |

## Útlán

21. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 95.071 | 88.139 |
| Víxlar | 795 | 1.182 |
| Skuldabréf | 465.816 | 405.191 |
| Samtals | 561.682 | 494.512 |

## Skýringar, frh.:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| 22. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum: | | |
| Landbúnaður | 3,8% | 4,9% |
| Sjávarútvegur | 21,2% | 25,9% |
| Iðnaður og verktakar | 6,0% | 4,1% |
| Þjónustustarfsemi | 14,4% | 14,7% |
| Einstaklingar | 54,6% | 50,4% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% |

23. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 913 | 7.986 |
| Allt að 3 mánuðir | 69.002 | 49.739 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 69.501 | 100.437 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 288.814 | 205.358 |
| Yfir 5 ár | 133.452 | 130.992 |
| Samtals | 561.682 | 494.512 |

24. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok ársins greinist þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 15.502 | 13.056 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 15.502) | ( 13.056) |
| Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi | 0 | 0 |
| Önnur vaxtafryst útlán | 8.711 | 11.842 |
| Óvaxtaberandi útlán samtals | 8.711 | 11.842 |

25. Breyting á afskriftareikningi útlána greinist þannig:

| | Afskriftareikningur | | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|---|
| | Sérstakur | Almennur | Samtals | Samtals |
| Afskriftareikingur útlána í ársbyrjun | 13.056 | 25.380 | 38.436 | 33.274 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu | 2.446 | 1.199 | 3.645 | 6.773 |
| Endanlega töpuð útlán | 0 | 0 | 0 | ( 1.611) |
| Afskriftareiknigur útlána í árslok | 15.502 | 26.579 | 42.081 | 38.436 |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 2,4% | 4,2% | 6,6% | 6,9% |

## Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

26. Markaðsskuldabréf sjóðsins eru útgefin af lánastofnunum og greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | |
| Skráð í Kauphöll Íslands | 47.324 | 47.324 |
| Önnur skráð skuldabréf | 14.619 | 14.619 |
| Óskráð skuldabréf | | 13.083 |
| Markaðsskuldabréf samtals | | 75.026 |

Skuldabréf sem koma til greiðslu innnan árs frá uppgjörsdegi nema 47,7 millj. kr.

27. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð 31.12.2006 | Bókfært verð 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| Veltuhlutabréf og hlutdeildarskírteini: | | | |
| Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands ..................................... | 29.363 | 29.363 | 171.675 |
| Hlutdeildarskírteini óskráð ................................................. | | 328.628 | 187.231 |
| Samtals .................................................................................... | | 357.991 | 358.906 |
| Fjárfestingarhlutabréf: | | | |
| Óskráð hlutabréf ................................................................. | | 40.179 | 33.694 |
| Samtals .................................................................................... | | 40.179 | 33.694 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals .......................... | | 398.170 | 392.600 |

28. Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum greinast þannig:

| | Eignar-hlutur | Arður | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Óskráð félög: | | | | |
| Auðkenni hf., Reykjavík ............................. | - | | 25 | 25 |
| Creditinfo Group hf., Reykjavík ................. | - | | 273 | 1.207 |
| FSP hf. Reykjavík ...................................... | 1,9% | | 15.980 | 18.172 |
| Greiðslumiðlun hf. Reykjavík ..................... | 0,1% | 54 | 203 | 1.935 |
| Intrum á Íslandi hf., Reykjavík .................... | - | | 1 | 298 |
| Icebank hf., Reykjavík ................................ | 0,3% | | 2.186 | 8.792 |
| Íslensk verðbréf hf., Akureyri ..................... | 0,2% | 370 | 250 | 810 |
| Premium, innheimtuvaktin ehf. Reykjavík ... | 2,0% | | 3.600 | 3.600 |
| Smárahúsið ehf., Kópavogi ......................... | 0,4% | | 9 | 9 |
| SP eignir ehf., Reykjavík ............................ | 0,2% | | 1.000 | 1.000 |
| SP Fjármögnun hf., Reykjavík .................... | 0,2% | | 922 | 2.286 |
| Sparisjóður Vestfirðinga, Ísafirði ................ | - | 56 | 1.171 | 1.107 |
| Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf. Rvík ... | 0,4% | | 938 | 938 |
| Fjárfestingarhlutabréf samtals ...................... | | 480 | | 40.179 |

29. Hlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Hagnaðar hlutdeild | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Reiknistofa bankanna, Reykjavík ........................................... | 0,40% | 0 | 1.274 |
| Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi ................................. | 0,30% | ( 422) | 580 |
| Hlutdeildarfélög samtals ........................................................ | | ( 422) | 1.854 |

## Aðrar eignir

30. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Húsbúnaður og áhöld | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2006 | 9.155 | 7.169 | 16.324 |
| Afskrifað samtals | ( 1.297) | ( 6.452) | ( 7.749) |
| Bókfært verð 1.1.2006 | 7.858 | 717 | 8.575 |
| Afskrifað á árinu | ( 183) | 0 | ( 183) |
| Bókfært verð 31.12.2006 | 7.675 | 717 | 8.392 |
| Afskriftahlutföll | 2% | 10-20% | |

Fasteignamat húseigna og lóða í árslok nam samtals 5,1 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 22,3 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 14,6 millj. kr. í árslok 2006.

## Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

31. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 331,4 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 96,5 millj. kr.

32. Heildareignir eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 173,9 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 150,9 millj. kr.

## Víkjandi kröfur

33. Sparisjóðurinn á víkjandi kröfu að fjárhæð 5,3 millj. kr. Krafan er færð með kröfum á lánastofnanir.

## Innlán

34. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 74.361 | 59.831 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 5.726 | 4.356 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 13.537 | 9.961 |
| Yfir 5 ár | 24.934 | 18.495 |
| Samtals | 118.558 | 92.643 |

## Lántaka

35. Lántaka sparisjóðsins er í formi lána frá lánastofnunum og nemur 200,0 millj. kr. í árslok 2006. Af þeirri fjárhæð koma 33,3 millj. kr. til greiðslu innan árs.

## Reiknaðar skuldbindingar

36. Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2006 | 0 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2006 | 11.319 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007 | ( 7.974) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2006 | 3.345 |

Tekjuskattsskuldbinding sjóðsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Frestaður söluhagnaður | 3.351 |
| Rekstrarfjármunir | ( 6) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2006 | 3.345 |

37. Við starfslok fyrrverandi sparisjóðsstjóra var gerður við hann samningur um eftirlaun frá sparisjóðnum. Samkvæmt útreikningi nemur skuldbinding sparisjóðsins vegna þessa 9,7 millj. kr.

Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun 2006 | 9.961 |
| Vextir og verðbætur | 991 |
| Greiddur lífeyrir | ( 1.294) |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok 2006 | 9.658 |

## Eigið fé

38. Stofnfé sjóðsins nemur 8,3 millj. kr. og skiptist í 300 hluti. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut en hver stofnfjáraðili má þó ekki fara með meira en 5% af heildaratkvæðum í sjóðnum samkvæmt samþykktum hans. Á árinu var selt nýtt stofnfé að fjárhæð 4,2 millj. kr.

39. Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 3.690 | 410.735 | 414.425 |
| Aukning stofnfjár | 4.248 | | 4.248 |
| Greiddur arður | | ( 1.107) | ( 1.107) |
| Hagnaður ársins | | 53.574 | 53.574 |
| Endurmat stofnfjár | 337 | ( 337) | |
| Eigið fé 31.12.2006 | 8.275 | 462.865 | 471.140 |

40. Eigið fé í árslok nemur 471,1 millj. kr. eða 41,2% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 40,3%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

| | | Vegin staða | |
|---|---|---|---|
| | Bókfærð staða | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
| Áhættugrunnur: | | | |
| Bókfærðar eignir | 1.143.738 | 1.130.116 | 978.600 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | ( 3.044) | ( 145.466) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | | 33.498 | 19.607 |
| Áhættugrunnur samtals | | 1.160.570 | 852.741 |
| Eiginfjárþáttur A | | | |
| Bókfært eigið fé | | 471.139 | 414.375 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | ( 3.044) | ( 145.466) |
| Eigið fé samtals | | 468.095 | 268.909 |
| Eiginfjárhlutfall | | 40,3% | 31,5% |

## Skuldbindingar

41. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 33.498 | 21.150 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 58.658 | 43.950 |

42. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Ekki hvílir á sparisjóðnum skuldbinding vegna þessa í árslok 2006.

# Lykiltölur úr rekstri sjóðsins

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Hreinar vaxtatekjur | 39.179 | 35.283 | 34.548 | 33.817 | 33.546 |
| Aðrar rekstrartekjur | 76.635 | 112.226 | 124.195 | 52.685 | 3.859 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | 115.814 | 147.509 | 158.743 | 86.502 | 37.405 |
| Laun og tengd gjöld | 24.250 | 21.973 | 18.969 | 19.454 | 16.257 |
| Rekstrarkostnaður | 23.026 | 19.635 | 18.580 | 17.374 | 14.819 |
| **Rekstrargjöld** | 47.276 | 41.608 | 37.549 | 36.828 | 31.076 |
| Framlag í afskriftarreikning | ( 3.645) | ( 6.773) | ( 11.274) | ( 6.431) | ( 883) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 64.893 | 99.128 | 109.920 | 43.243 | 5.446 |
| Tekjuskattur | -11.319 | | | | |
| **Hagnaður** | 53.574 | 99.128 | 109.920 | 43.243 | 5.446 |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Sjóður og kröfur á lánastofnanir | 98.368 | 141.508 | 73.247 | 15.816 | 64.063 |
| Útlan | 561.682 | 494.512 | 411.224 | 429.893 | 384.597 |
| Markaðsverðbréf og eignahlutir í félögum | 475.049 | 429.377 | 320.356 | 174.798 | 133.281 |
| Aðrar eignir | 8.639 | 9.500 | 9.382 | 9.445 | 10.834 |
| **Eignir samtals** | 1.143.738 | 1.074.897 | 814.209 | 629.952 | 592.775 |
| Innlán | 440.790 | 480.491 | 345.663 | 297.678 | 327.980 |
| Lántaka | 199.698 | 161.860 | 138.173 | 107.705 | 83.082 |
| Aðrar skuldir | 19.107 | 8.160 | 4.922 | 8.124 | 7.835 |
| Lífeyrisskuldbinding | 3.345 | 9.961 | 10.500 | 11.220 | 11.700 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 9.658 | | | | |
| Eigið fé | 471.140 | 414.425 | 314.951 | 205.225 | 162.178 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | 1.143.738 | 1.074.897 | 814.209 | 629.952 | 592.775 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Arðsemi eiginfjár | 12,9% | 31,5% | 53,2% | 26,7% | 3,5% |
| Eiginfjárhlutfall (CAD) | 40,4% | 31,5% | 27,0% | 25,5% | 21,1% |
| Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum | 40,8% | 28,2% | 23,6% | 42,6% | 83,1% |
| Vaxtamunur af meðalstöðu fjármagns | 3,5% | 3,7% | 4,8% | 5,5% | 5,7% |
| Framlag í afskriftarreikning af meðalstöðu útlána | 0,7% | 1,5% | 2,7% | 1,6% | 0,2% |
| **Annað** | | | | | |
| Stöðugildi í árslok | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |